

af treyjunni. Varð að ná henni. Hann snýr sér því óðar til kapteinsins og biður hann að lofa sér að stökkva í sjóinn og ná treyjunni sinni. Auðvitað neitar kapteinninn honum um það. Það gerði vitanlega ekkert til um treyjuna. Að vera að hugsa um *treyjuna sína*, þegar eins staði á og nú, væri tómur barnaskapur. En pilturinn getur ekki séð það í þessu ljósi. Hann bregður því við og fer hinum megin við skipið, klifrar ofan kaðal-stigann, syndir í kring um skipið þangað, sem treyjan hans hafði dottið niður, og nær henni. En þegar hann kemur upp aftur á skipið er hann tekinn fastur og settur í bönd. Óhlýðni hans hafði verið veitt eftirtekt. Hún var ekkert smáatriði í augum kapteinsins, sem við var að búast. Hann er svo láttinn sitja í böndum þangað til orustunni er lokið. En þá er honum stefnt fyrir herrétt fyrir óhlýðni gegn banni yfirimanns síns. Og rétturinn dæmir hann sekan.

Mál hans vekur nú eftirtekt Dewey's. Honum er ekki unt að skilja í því, hvernig á því geti stadið, að pilturinn skyldi stofna lífi sínu í hættu og gera sig sekan í öðru eins broti, að eins vegna cinnar treyju. Honum finst, að eitthvað hljóti að vera saman við þetta, sem ekki hafi komið fram við réttarhaldið. Hann fer því sjálfur til piltsins og talar hlýlega við hann og biður hann að segja sér alt um það, hvers vegna hann hafi verið svona óhlýðinn. Þá fer pilturinn að gráta og segir honum frá öllu saman: *að myndin af henni mömmu sinni hafi verið í treyjunni.*

Nú er gátan ráðin. Dewey sér viðburðinn í alt öðru ljósi, og kemst við af kærleika þeim, sem piltur þessi bar til hennar móður sinnar. Og með tárin í augunum faðmar hann hann að sér og náðar hann svo með þessum ummælum: „Piltar, sem unna henni móður sinni svo heitt, að þeir fórna lífi sínu fyrir myndina af henni, verða ekki látnir sitja í böndum á neinu skipi þessa flota.“

Þegar þetta var orðið uppskátt, mundu nokkrir eftir því, að rétt áður en pilturinn varð fyrir þessu slysi með treyjuna sína höfdu þeir séð hann taka eitthvað upp úr vasa sínum, horfa á það allra snöggvast og svo kyssa það. Pilturinn vissi